REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

1. gr.

23. gr. orðist svo:

„Útgefandi lyfseðils skal tilgreina á lyfseðli hvernig, hvenær og við hverju nota á ávísað lyf á þann hátt, að auðskilið sé fyrir notanda þess. Í undantekningatilvikum má læknir sleppa að geta við hverju lyf er notað, telji hann það þjóna hagsmunum sjúklings. Ef unnt er skal greina bæði einstakan skammt og dagsskammt.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

F. h. r.
Davíð Á. Gunnarsson.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 486 11. júní 2001

REGLUGERÐ

um fylgiréttargjald.

1. gr.

Við sölu myndlistarverka og listmuna á listmunauppboðum og við endursölu þeirra í atvinnuskyni ber að greiða 10% fylgiréttargjald af andvirði hins selda er falli í hlut höfundar viðkomandi listaverks eða erfingja hans að honum látnum. Réttindi þessi eru ekki framseljanleg.

Myndhöfundasjóður Íslands - Myndstef annast innheimtu fylgiréttargjalds og skil þess til höfundar eða erfingja hans eftir þeim reglum sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ef höfundaréttur að listaverki, sem selt er á listmunauppboði er fallinn niður sbr. 43. gr. höfundalaga nr. 73/1972, íslenska ríkið á höfundarétt að listaverki, sem selt er á listmunauppboðum eða í atvinnuskyni eða þegar fylgiréttargjaldinu verður ekki ráðstafað til höfundar eða annarra rétthafa, rennur fylgiréttargjaldið til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs.

2. gr.

Listaverk sem falla undir gjaldskyldu skv. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu eða 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992 og lög nr. 60/2000 eru:

a) Öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatnslitum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.

b) Höggmyndir, ef um er að ræða frummynd eða merkta afsteypu í bronze, gips, terrakotta, leir, stein, marmara, tré, járn eða sérhvert annað efni.

c) Merktar og ómerktar teikningar listamanna, þ.e. blýants-, blek-, tusch-, krítar- og kolateikningar svo og annars konar teikningar og hvers konar grafísk listaverk, svo sem lithografíur, koparstungur, ætingar, raderingar, tréþrykk, svo og hvers konar önnur grafíkverk, enda séu verkin merkt af viðkomandi listamanni.